

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 26. febrúar 2019 í máli nr. E-2354/2018:

**Hagtak hf.**

*(Þórður Heimir Sveinsson lögmaður)*

**gegn**

**Íslenskum aðalverktökum hf.**

*(Unnur Hermannsdóttir lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 11. febrúar sl., var höfðað 25. júní 2018.

Stefnandi er Hagtak hf., Fjarðargötu 13–15 í Hafnarfirði.

Stefndi er Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði með dómi að komist hafi á bindandi samningur milli stefnanda og stefnda vegna hluta verkefnisins „Stækkun Búrfellsvirkjunar“ fyrir opnun tilboða í heildarverkið þann 28. janúar 2016. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna kostnaðar og missis hagnaðar stefnanda af því að stefndi vanefndi samning aðila um hluta verksins „Stækkun Búrfellsvirkjunar“ eftir opnun tilboða í það þann 28. janúar 2016, með því að semja við Ístak hf., í stað stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

## I

Stefnandi er félag sem starfar við dýpkunarframkvæmdir við hafnir og aðrennslisskurði. Stefndi er stórt verktakafyrirtæki sem hugðist gera tilboð í verkefni hjá Landsvirkjun ohf. sem fól í sér stækkun Búrfellsvirkjunar. Ágreiningslaust er að Rúnar Ágúst Jónsson, þáverandi verkefnastjóri hjá stefnda, hafði samband við Bergþór Jóhannsson, framkvæmdastjóra stefnanda, síðla árs 2015 vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar og áttu þeir fund 21. desember sama ár og sendu nokkur tölvubréf sín á milli í kjölfarið. Aftur á móti deila málsaðilar um hvort komist hafi á samningur milli þeirra. Stefnandi byggir á því að svo hafi verið og jafnframt að hann hafi orðið fyrir tjóni sem hann eigi rétt á að fá bætt úr hendi stefnda. Stefndi hafnar aftur á móti kröfum stefnanda og kveðst einungis hafa leitað tilboða hjá stefnanda, eins og algengt sé áður en verktakar ákveða endanlega hvort þeir kaupa þjónustu undirverktaka. Enginn samningur hafi þar með komist á í þessu tilviki. Fyrir liggur að eftir að Landsvirkjun ohf. tók tilboði stefnda í stækkun umræddrar virkjunar fól stefndi Ístaki hf. þá þætti verksins sem stefnandi telur sig

með réttu hafa átt að inna af hendi.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Bergþór Jóhannsson, framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhann G. Bergþórsson, stjórnarformaður stefnanda, Jón Smári Úlfarsson, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun ohf., og Rúnar Ágúst Jónsson, sem var eins og áður segir verkefnastjóri hjá stefnda á umræddum tíma en starfar nú hjá systurfélagi stefnda í Noregi.

## II

Hvað varðar fyrri viðurkenningarkröfu stefnanda byggir hann á því að stefndi hafi átt frumkvæði að því að óska eftir tilboði frá stefnanda í desember 2015. Stefnandi hafi gert það að skilyrði á fundi í desember 2015 að hann myndi ekki fara í þessa tilboðsvinnu nema að stefndi myndi semja við hann og jafnframt að stefnandi myndi þá ekki gera öðrum tilboð í verkhlutann. Þetta hafi stefndi samþykkt.

Stefndi hafi fengið tilboðsverð frá stefnanda þann 11. janúar 2016 og samþykkt það með því gera ekki athugasemdir við tilboðið heldur gengið út frá því að þetta væru samkeppnishæf verð, sbr. tölvupóstsamskipti málsaðila. Stefnandi hafi ekki gert fyrirvara um að hann myndi mögulega taka tilboði frá öðrum.

Enn fremur hafi stefndi í kjölfarið óskað eftir öllum upplýsingum um stefnanda, bæði tæknilegum og fjárhagslegum, og samþykkt þær án athugasemda, en stefndi hafi þurft að fá þessi gögn í hendur til að geta lagt þau fram með tilboði sínu til Landsvirkjunar ohf., eins og fram komi í tölvupóstsamskiptum hans við stefnanda.

Í ofanálag hafi stefnandi þurft að leggja fram svokallaða verktilhögunarlýsingu („method statement“), sem aldrei sé gefin út af hálfu stefnanda nema búið sé að samþykkja hann í verk, en nauðsynlegt hafi verið fyrir stefnda að hafa hana með í heildartilboði hans í verkið til Landsvirkjunar ásamt öðrum gögnum frá stefnanda til að stefndi fengi að gera tilboð í verkið.

Í heildartilboði stefnda til Landsvirkjunar ohf. hafi verið að finna nokkra af sömu verkþáttum og stefnandi hafði boðið í til stefnda, en tilboð stefnda í þessa verkþætti hafi verið 214.912.000 krónum hærra en það sem stefnandi hefði boðið í til stefnda og því ljóst að stefndi hafi áætlað sér verulegan hagnað af þessum verkþáttum. Tilboð stefnanda til stefnda hafi því verið vel samkeppnishæft.

Allt framangreint staðfesti að á hafi komist bindandi samningur milli aðila.

Þá hafi engir annmarkar verið á tilboði stefnanda til stefnda sem hafi getað ógilt það gagnvart stefnda eða verkkaupa.

Þá hafi stefnandi ekki verið upplýstur um það í samskiptum sínum við stefnda hvaða staðlar/útboðsreglur giltu um verkþátt hans áður en hann hafi gert

tilboð sitt í verkið, en tilboð hans hafi einungis verið lítill hluti af verki stefnda fyrir verkkaupann Landsvirkjun ohf. Þar sem stefnandi hafi ekki verið upplýstur um það hvaða staðall eða staðlar hafi gilt um undirverktöku hans fyrir stefnda verði að miða við íslenskan rétt og í þeim efnum megi hafa til hliðsjónar staðalinn ÍST 30, einkum grein 3.2.4. Það hvaða staðall hafi gilt breyti því þó ekki að komist hafi á bindandi samningur milli aðila. Þá telji stefnandi að stefndi hafi meðal annars notað tilboðsfjárhæðir sínar til viðmiðunar við gerð tilboðs síns til verkkaupa, auk framlagðra gagna með tilboðinu.

Eftir niðurstöðu umrædds útboðs 28. janúar 2016 hafi skapast skylda fyrir stefnda til að klára endanlega samninginn við stefnanda miðað við það sem á undan hafi gengið.

Stefnandi byggir jafnframt á almennum meginreglum samningaréttarins um samningsgerð, þ.e. um tilboð, loforð og samþykki tilboðs o.s.frv.

Hvað varðar síðari viðurkenningarkröfu stefnanda byggir hann á því að þegar stefndi hafi samið við Ístak hf., „án atbeina stefnanda“, hafi stefndi vanefnt og brotið samninginn samkvæmt samþykktu tilboði við stefnanda. Verði því að rekja tjón stefnanda af kostnaði við tilboðsgerð og missi hagnaðarvonar (efndabætur) eingöngu til þess. Stefndi beri því skaðabótaábyrgð á því tjóni sem af hafi hlotist fyrir stefnanda. Hafi stefnandi lögvarða hagsmuni samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála af því að fá dæmt um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda því ljóst sé að hann vænti nokkurs hagnaðar af tilboði sínu og verkefninu.

Stefnandi byggi kröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar við gerð tilboðs til stefnda á reglum um efndabætur, en stefnandi telji ljóst að með aðilum hafi komist á bindandi samningur samkvæmt tilboði stefnanda sem hafi verið samþykkt af stefnda, eins og rakið sé að framan um fyrri dómkröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um efndabætur sé skaðabótakrafa innan samninga en samkvæmt meginreglum á því sviði beri að gera tjónþola eins settan og hin bótaskylda athöfn stefnda hefði ekki átt sér stað. Tjónið felist í því að vænlegur samningur hafi ekki fengist gerður og hafi stefnandi orðið af hagnaði og auk þess haft kostnað af gerð tilboðs til stefnda. Telja verði að þegar stefndi hafi vanefnt samning sinn við stefnanda og gengið á bak orða sinna hafi stefnda mátt vera ljóst að með því færi stefnandi á mis við hagnað af honum. Því verði að telja að saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda standi í svo nánnum tengslum við væntanlegan samning stefnda við Landsvirkjun ohf. að stefnandi eigi rétt á bótum fyrir missi hagnaðarvonar og kostnað, enda standi sett lög ekki til annars. Bein orsakatengsl séu því á milli háttsemi stefnda og tjóns stefnanda. Á því tjóni beri stefndi ábyrgð.

Séu því bein orsakatengsl og sennileg afleiðing af háttsemi stefnda sem valdið hafi stefnanda og tjónið sé sennileg afleiðing háttseminnar, en efndabætur byggist á sakarreglunni.

Skilyrði hinnar almennu sakarreglu um huglæga afstöðu, orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt og þau blasi við. Með því að semja við Ístak hf. hafi stefndi tekið saknæma og ólögmeta ákvörðun sem hafi orðið stefnanda til fjártjóns og séu öll skilyrði almennu sakarreglunnar til efndabóta uppfyllt hvað þetta varðar. Orsakatengsl séu milli þessarar háttsemi stefnda og þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir með missi hagnaðar og kostnaði við að gera tilboð, og sé tjónið sennileg afleiðing brota stefnda á samningi aðila (samþykktu tilboði).

Stefnandi telji ekki nauðsynlegt að leggja fram sérstök gögn um áætlaðan hagnað af verkinu í viðurkenningarmáli sem þessu, en í eðli máls felist að verktakar áætli sér alltaf eðlilegan hagnað í tilboðum sínum. Stefnandi hafi þó lagt fram útlitun á útreikningi hagnaðar síns og kostnaðar. Hvað varði sundurliðun á kostnaði stefnanda við gert tilboðs, þá hafi hann numið 75 klst. x 12.500 krónur = 937.500 krónur án virðisaukaskatts.

Dómstólar hafi að öðru leyti beitt reglum um bætur fyrir hagnaðarvon í útboðsrétti áður en til dæmis lög nr. 94/2001 um opinber innkaup hafi tekið gildi sem þó virðist gera ráð fyrir því að sá réttur hafi verið aukinn. Af dómum megi draga þá ályktun að réttur til bóta fyrir missi hagnaðar sé fyrir hendi þegar sannað sé að samið hefði verið við bjóðanda ef ekki hefði komið til saknæms réttarbrotis af hálfu stefnda.

Um lagarök sé vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og samþykki þeirra, sem og reglna verksamninga um sama efni. Jafnframt sé byggt á almennum reglum skaðabótaréttar, þá sérstaklega almennu sakarreglunni og reglum um efndabætur og missi hagnaðar.

### III

Stefnda virðist stefnandi einkum byggja á því að þar sem stefndi hafi átt frumkvæði að því að óska eftir tilboði stefnanda og þar sem stefndi hafi ekki gert fyrirvara um að hann myndi mögulega taka tilboði frá öðrum, þá hafi komist á samningur með aðilum. Stefnandi mótmæli þessum röksemdum. Alvanalegt sé að verktakar leiti tilboða eins eða fleiri undirverktaka í verk. Í því geti ekki falist nokkur skuldbinding til að semja við þann eða þá aðila, sem leitað hafi verið tilboða hjá um verkið. Væri það enda í ósamræmi við meginreglur samningaréttarins um samningsgerð. Tilboð verði ekki að samningi nema tilboð hafi verið samþykkt. Ekkert slíkt samþykki hafi verið veitt af hálfu stefnda.

Stefndi hafi hvorki fyrr né síðar skuldbundið sig til þess að semja ekki við aðra en stefnanda. Í málatilbúnaði stefnanda að þessu leyti felist svo mikið frávik frá almennum reglum að stefnanda hafi staðið nær að tryggja sér sönnun fyrir slíkri skuldbindingu. Stefndi hefði heldur ekki undirgengist slík skilyrði.

Enga þýðingu hafi þótt stefnandi hafi þá vinnureglu að gefa ekki út svokallaða verktilhögunarlýsingu („method statement“) nema samið hafi verið við hann. Stefndi hafi enga möguleika á að staðreyna eða hrekja þá fullyrðingu, auk þess sem hún hafi enga réttarverkan. Þeirri röksemd sé því mótmælt sem þýðingarlausri.

Hvað varði þau tölvupóstsamskipti sem stefnandi reisi málshöfðun sína á þá sýni þau ekki fram á að samningur hafi verið kominn á. Einungis hafi verið um að ræða eðlileg samskipti milli þess er leiti eftir tilboði í tiltekið verk og þess er hyggist gera tilboð í verkið.

Stefnandi hefði hæglega getað sett fram fyrirvara í tilboði sínu til stefnda þar sem fram kæmi að hann liti svo á að hann ætti rétt á að vinna þetta verk en það hafi hann ekki gert. Raunar virðist sem stefnandi hafi sjálfur ekki litið á svo á að samningar hefðu tekist með aðilum eftir opnun tilboða. Þannig hafi stefnandi 6. apríl 2016 óskað eftir að hitta forstöðumann tilboðsdeildar stefnda „til að fara yfir málin og klára svo samninginn“. Þetta sýni ekki annað en að samningar hafi ekki tekist fyrir þann tíma en ljóst sé að stefndi hafi brugðist við beiðninni með því að upplýsa stefnanda um samninga við annan aðila.

Stefndi geti ekki borið bótaábyrgð á því að hafa vanefnt samning sem ekki hafi verið fyrir hendi. Því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Þá hafi staðallinn ÍST 30 ekki gilt í lögskiptum aðila málsins. Landsvirkjun ohf. sé opinber aðili og um útboð félagsins á verkinu „Stækkun Búrfellsvirkjunar“ hafi því gilt eldri lög nr. 84/2007 um opinber innkaup. Útboðið hafi verið auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við X. kafla, sbr. 55. gr. laganna. Íslenski staðallinn ÍST 30 hafi því hvorki gildi né sé hann leiðbeinandi um lögskipti aðila í tengslum við útboðið. Öllu heldur hafi gilt um útboðið og verkið alþjóðlegur staðall sem kallaður hafi verið „rauða bókin“ („Conditions of Contract for Construction“) (FIDIC). Beri því alfarið að horfa fram hjá vísun stefnanda til ÍST 30.

Þá telji stefndi enga þýðingu hafa þó að í heildartilboði stefnda til Landsvirkjunar ohf. hafi verið nokkrir af sömu verkþáttum og stefnandi hafi boðið í til stefnda. Eðlilegra hefði verið að vísa til þess að meiri hluti tilboðs stefnda hafi ekki verið með sömu verkþáttum og tilboð stefnanda til stefnda. Sýni það, auk þess að tilboð stefnda hafi verið umtalsvert hærra í verkþættina, að stefndi hafi ekki reitt sig á tilboð stefnanda við tilboðsgerð sína í stækkun Búrfellsvirkjunar.

Þá sé mótmælt málsástæðum stefnanda um hlutfallsmun á einingarverðum sem fram komi í umfjöllun um síðari viðurkenningarkröfuna.

Auk þess beri útboðsgögn skýrlega með sér að aldrei sé unnt að líta svo á að stefndi sé bundinn samningi við undirverktaka fyrir en undirverktaki hafi verið samþykktur af verkkaupa. Ekki sé gert ráð fyrir að verkkaupi samþykki undirverktaka fyrir opnun tilboða, eins og gengið virðist út frá. Engin almenn lagaregla eða venja sé heldur fyrir hendi sem leiði til þeirrar niðurstöðu sem stefnandi haldi fram.

Auk alls framangreinds bendi stefndi á að sýkna verði hann af þeirri kröfu sem sett sé fram vegna þess að með öllu sé óljóst í dómkröfukafla stefnunnar hvaða samningur það sé sem farið sé fram á að dómstóllinn viðurkenni að sé til. Talað sé um að sá samningur eigi að hafa fjallað um „hluta“ verkefnisins „Stækkun Búrfellsvirkjunar“, en í engu afmarkað hvaða þætti um sé að ræða eða hvaða réttindi og skyldur hvor aðili hafi tekið á sig í samningnum. Stefndi krefjist sýknu á þeim grunni að ekki sé hægt að dæma hann til að undirgangast réttindi og skyldur sem engin leiðbeining sé um í dómkröfukafla.

Til stuðnings kröfu um sýknu af síðari viðurkenningakröfu stefnanda sé almennt vísað til þeirra málsástæðna sem raktar hafi verið hér að framan. Auk þess hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af meintu réttarbroti stefnda. Þar sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á tjón sitt verði að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Til grundvallar annarri viðurkenningarkröfu sinni hafi stefnandi einungis lagt fram einhliða útreikninga á meintri arðsemi sinni af verkinu. Þar sé rakinn áætlaður kostnaður af verkinu án þess að útskýrt sé á hvaða grundvelli útreikningar séu byggðir og án þess að lögð séu fram nokkur gögn til stuðnings útreikningunum. Þetta uppfylli samkvæmt dómvenju ekki sönnunarkröfur í viðurkenningarmáli og leiði til sýknu.

Þá virðist vanta nokkra mikilvæga þætti í kostnaðaráætlun stefnda en hvergi í kostnaðarútreikningum sé vikið að því hvort og þá að hvaða marki taka beri tillit til fasts kostnaðar og/eða ófyrirséðs kostnaðar, sem geti þó numið umtalsverðum fjárhæðum. Útreikningar stefnanda, sem séu með öllu órökstuddir, geti ekki verið grundvöllur viðurkenningarmáls þessa. Í því sambandi breyti engu þó stefnandi leggi 22% hagnað ofan á áætlaðan kostnað, enda ljóst að enn vanti stóra þætti í kostnaðarmatið og engin raungögn séu lögð fram um kostnaðinn sjálfan. Auk þess bendi stefnandi réttilega á það í stefnu að tilboð stefnda í tiltekna verkþætti hafi verið umtalsvert herra en tilboð stefnanda til stefnda. Gefi það enn frekar til kynna að framsetning stefnanda á ætluðum kostnaði vegna verksins sé óraunhæf. Þannig hafi stefnandi ekki fært sönnur á það að hann hafi orðið fyrir tjóni. Til þess nægi

ekki einhliða útreikningar á arðsemi stefnanda af starfseminni.

Loks sé minnt á að hvorki hafi verið um að ræða opinber innkaup né útboð þegar stefndi leitaði tilboða vegna umþrætts þáttar í heildarverki Landsvirkjunar ohf. og markist réttarsamband aðila því ekki af þeim reglum.

Um lagarök sé vísað til almennra reglna fjármunaréttar um stofnunarhátt krafna og skuldbindinga.

#### IV

Stefnandi heldur því fram að Bergþór Jóhannsson, framkvæmdastjóri félagsins, hafi gert það að skilyrði í upphafi viðræðna málsaðila að ekki yrði gert tilboð af hálfu stefnanda nema stefndi samþykkti fyrir fram að einungis yrði unnið með stefnanda að umræddum verkþætti. Stefndi hefur mótmælt þessu og lýsti Rúnar Ágúst Jónsson, fyrrverandi verkefnastjóri hjá stefnda, því fyrir dómi að fremur algengt væri að undirverktakar sæktust eftir loforði um að tryggt væri að þeir hlytu verkefni, en slíkt gengi vitaskuld ekki upp og þaðan af síður áður en verðtilboð væru sett fram. Að mati dómsins fela þær þreifingar, sem Rúnar Ágúst viðurkennir að átt hafi sér stað milli málsaðila í þessum efnunum, ekki í sér fullnægjandi sönnun þess að stefnandi hafi sett fortakslaust skilyrði í samningaviðræðunum um framangreinda tilhögun. Auk þess er ósannað að stefndi hafi samþykkt nokkra slíka tilhögun. Verður staðhæfing stefnanda að þessu leyti því ekki lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

Stefnandi byggir á því að í öllu falli hafi komist á bindandi samningur málsaðila eftir að samningaviðræður þeirra hófust. Í þessum efnunum byggir stefnandi einkum á því að stefndi hafi átt frumkvæðið að því að kalla eftir tilboði frá stefnanda. Enda þótt stefndi viðurkenni að hafa átt slíkt frumkvæði þá telst það aftur á móti ekki sönnun fyrir því að samningsgerð hafi í kjölfarið átt sér stað milli málsaðila. Stefnandi vísar einnig til tölvupóstsamskipta milli Rúnars Ágústs Jónssonar og Bergþórs Jóhannssonar. Hvergi í þeim tölvupóstsamskiptum samþykkti Rúnar Ágúst þó tilboð stefnanda og þar segir auk þess hvergi að stefndi fallist á að starfa einungis með stefnanda að umræddum verkþætti. Heilt á litið bera tölvupóstsamskiptin einungis með sér að stefndi hafi óskað eftir verðtilboði frá stefnanda án þess að binda sig við það tilboð sem barst.

Stefnandi byggir einnig á því að almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, þ.e. staðallinn ÍST 30, hafi átt við um samskipti málsaðila, en samkvæmt grein 3.2.4 í staðlinum verði aðalverktaki bundinn við tilboð frá undirverktaka í hluta verks sem boðið hafi verið út ef aðalverktakinn „notar þessa tilboðsfjárhæð sem hluta af tilboði sínu til verkkaupa“, að því tilskildu að tilboði aðalverktakans verði tekið og verkkaupi samþykki undirverktakann, sbr. gr. 3.2.1.

Við skýrslutökur fyrir dómi neitaði Bergþór Jóhannsson því upphaflega að þekkja til staðalsins FIDIC, þ.e. hinnar svokölluðu rauðu bókar. Síðar í skýrslu sinni viðurkenndi hann þó að hafa setið námskeið um staðalinn í London. Staðfesti hann einnig að hafa vitað að Landsvirkjun ohf. stýddist stundum við staðalinn FIDIC í stað ÍST 30. Sagði hann þetta skýrast af því að um stór útboð væri gjarnan að ræða hjá Landsvirkjun ohf. sem erlendir aðilar tækju þátt í, en þá gengi ekkert að nota ÍST 30. Loks kvaðst hann ekki geta útilokað að hafa fengið rafrænan aðgang að skilmálum Landsvirkjunar ohf. vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, en í upphafi þess skjals var tekið fram að um útboðið gildi staðallinn FIDIC. Að þessu virtu er ekki unnt að leggja til grundvallar að staðallinn ÍST 30 eigi við í samskiptum málsaðila. Auk þess er svo mikill munur á tilboðsfjárhæð stefnanda til stefnda annars vegar og endanlegri tilboðsfjárhæð stefnda til Landsvirkjunar ohf. hins vegar að óvarlegt þykir að leggja til grundvallar að stefndi hafi notað tilboðsfjárhæð stefnanda í þeim skilningi sem grein 3.2.4 í ÍST 30 kveður á um.

Stefnandi byggir loks á því að staðfestingu á samningi málsaðila megi finna í skjali sem stefndi sendi Landsvirkjun ohf. um fyrirhugaða undirverktaka („Subcontracting schedule“). Í öllum verkþáttum þar séu enda tilgreindir a.m.k. tveir undirverktakar að undanskildum þeim lið þar sem stefnandi sé tilgreindur. Þar sé hann einn nefndur til sögunnar. Enda þótt fallast megi á það með stefnanda að þetta skjal gefi til kynna að stefndi hafi getað hugsað sér að semja við stefnda, þá breytir það ekki því að í skjalinu segir einnig berum orðum að á því stigi málsins hafi enginn bindandi samningur enn komist á milli stefnda og mögulegra undirverktaka. Er því bætt við að ef til þess komi að slíkir bindandi samningar komist á við undirverktaka muni stefndi upplýsa Landsvirkjun ohf. um það og leita eftir samþykki félagsins á undirverktökunum. Umrætt skjal getur því ekki talist sönnun fyrir því að samningur hafi komist á milli málsaðila.

Eins og áður segir ber stefnandi sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu sinni um að komist hafi á samningur milli málsaðila. Að öllu framangreindu virtu telst sú staðhæfing ósönnuð. Ber því að sýkna stefnda af fyrri viðurkenningarkröfu stefnanda.

Síðari krafa stefnanda felur í sér kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna meintra vanefnda á samningi málsaðila. Með vísan til þess sem að framan er rakið ber einnig að sýkna stefnda af þessari kröfu, enda telst, eins og áður segir, ósannað að nokkurt samningssamband hafi komist á milli aðila.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 1.100.000 kr., að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þórður Heimir Sveinsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Unnur Hermannsdóttir lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Íslenskir aðalverktakar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Hagtaks hf.

Stefnandi greiði stefnda 1.100.000 krónur í málskostnað.

Arnaldur Hjartarson